

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Fjallabyggð – Siglufirði og Ólafsfirði.

Deiliskipulag Eyrarflöt, Siglufirði.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Fjallabyggðar deiliskipulag Eyrarflatar á fundi sínum 10. nóvember 2010.

Deiliskipulagið nær til svæðis við Eyrarflöt á Siglufirði. Svæðið afmarkast af lóðum þeirra húsa sem standa við Eyrarflöt. Í norðri og vestri afmarkast svæðið af Norðurtúni, í austri af Langeyrarvegi og í suðri af lóðarmörkum sem liggja að tjarnarsvæði. Aðkoma að svæðinu er frá Norðurtúni um Eyrarflöt.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag skólasvæðis í Ólafsfirði.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Fjallabyggðar deiliskipulag fyrir skólasvæði í Ólafsfirði á fundi sínum 28. apríl 2009.

Deiliskipulagið nær yfir hið svokallaða skólasvæði í Ólafsfirði, Fjallabyggð. Þar eru nú byggingar sem hýsa: grunnskóla, gangfræðaskóla, bókasafn, íþróttahús og sundalaugaraðstöðu. Skipulagssvæðið afmarkast af Aðalgötu í norðri, Túngötu í austri, Ægisgötu í vestri og íþróttasvæði bæjarins í suðri. Skipulagssvæðið er rúmlega 3,9 ha að stærð.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir snjóflóðavarnir við Hornbrekku, Ólafsfirði.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Fjallabyggðar deiliskipulag fyrir snjóflóðavarnir við Hornbrekku, Ólafsfirði á fundi sínum 28. apríl 2009.

Svæðið sem deiliskipulagið tekur til er tæplega 28 ha að stærð og er vel sýnilegt frá miklum hluta byggðarinnar. Það afmarkast af íbúðarhúsum við Hornbrekkuveg og Túngötu í norðri, bænum Hlíð í suðri og Ólafsfjarðarvegi í vestri.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Saurbæjaráss, frístundabyggð Siglufirði.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Siglufjarðar deiliskipulag fyrir frístundabyggð Saurbæjarási, Siglufirði á fundi sínum 22. desember 2005.

Svæðið er um það bil 21,5 ha lands og afmarkast við Skútudalsá í norðri og austri, strandlengju í vestri og Saurbæjarási í suðri. Vegtenging er að svæðinu frá nýjum Siglufjarðarvegi sem liggur að Héðinsfjarðargöngum.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag snjóflóðavarnargarða ofan byggðar, Siglufirði.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Siglufjarðar deiliskipulag fyrir snjóflóðavarnargarða fyrir ofan byggð, Siglufirði á fundi sínum 19. september 2002.

Svæðið afmarkast til austurs af efstu lóðarmörkum í Siglufirði, í suðri af norðurhlið snjóflóðavarnargarðs sem nefndur er „Stóri boli“ og í norðri út fyrir námusvæði norðan Selgils.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 15. mars 2011.

Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2011